

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandahrepps nr. 689/1998 með síðari breytingum.

1. gr.

7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, annan þriðjudag hvers mánaðar, eða samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Svalbarðsstrandahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. mars 2007.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Stefanía Traustadóttir.